

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 15. október 2024 klukkan 10:27

Titill

Sæmundur fróði í sögu og sögnum.

Höfundur

Þorsteinn M. Jónsson (1885-1976)

Tímarit

Eimreiðin

67. Árgangur 1961

1. Hefti

Bls. 1-10

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991006687939706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

EIMREIÐIN

Sæmundur fróði í sögu og sögnum

Eftir

Þorstein M. Jónsson.



Það var hinn 9. júní 1959, að við Halldór sonur minn stóðum á götunni framan við Sorbonneháskólann í París. Við höfðum komið fyrir tveim dögum til hinnar fögru og sögufrægu höfuðborgar Frakklands. Ég hafði aldrei komið þangað áður, og var mjög hrifinn af mörgu, sem ég sá þar, og margir atburðir úr sögu Frakklands runnu upp í huga mínum, er ég skoðaði þar fræga sögu- staði og sögufrægar minjar. En nú fann ég til enn meiri hrifningar, en nokkru sinni fyrr, á þessum dögum, sem ég var búinn að dvelja í París. Ég var kominn þar á sömu slóðir sem einn af frægustu Íslendingum í sögu og sögnum hafði verið á fyrir nærri 9 öldum. Ég renndi augum eftir þeim múrvegg Sorbonneskóla, sem að götunni sneri. Sá ég, að á vegginn voru skráð nöfn fjölda margra heimsfrægra manna, og eitt fyrsta nafnið, er ég festi augun á, var Snorri Sturluson. Ég vissi að Snorri er þekktastur allra Íslendinga meðal erlendra fræðimanna. En það var þó annað nafn, er ég bjóst ekki

síður við að sjá þar en hans. Að því nafni leitaði ég en fann ekki. Þetta nafn var Sæmundur Sigfússon.

Sæmundur Sigfússon, er kallaður hefur verið í sögu og sögnum hinn fróði, var fyrsti Norðurlandabúi, er stundaði nám í Sorbonneskóla. Námsdvöl hans þar hefur að sjálfsögðu þótt tíðindum sæta í samtíð hans, og hún orkaði svo mjög á ímyndunarafl þjóðarinnar, að hún varð yrkisefni hennar í margar aldir eftir dauða hans, og hann varð ein nafnkunnasta persóna íslenzkra þjóðsagna. Vart hefur sá Íslendingur verið til, allt frá dögum Sæmundar, er ekki hefur heyrt hans getið. Sennilega hafa farið að myndast þjóðsögur um Sæmund þegar í samtíð hans, og þær héldu áfram að skapast, breytast og varðveitast allt fram á síðustu aldir.

Það hefur ekki aðeins verið skólavera Sæmundar í Frakklandi, sem hefur orðið fræg í samtíð hans og hugarsmiðum þjóðarinnar gegnum þær aldir, sem liðnar eru frá dauða hans, heldur hinir miklu vitsmunir hans, samfara lærdómi, og ráðsnilli, er ollu því, að samtíðamenn hans leituðu til hans, er þeim þótti mikils við þurfa.

Eftir dauða hans fara svo að myndast sagnir um, að hann hefði skyggnzt dýpra og vitað meir um dulmögn tilverunnar, en allir aðrir samtíðarmenn hans hér á landi. Og alþýðan íslenzkaði nafn Sorbonneskóla og nefndi hann Svartaskóla. Og svo kom, að hún taldi að fræði þau, er Sæmundur hafði numið þar, hefðu verið „svörtukúnstir“, og skólastjórinn, höfundur svörtukúnsta, fjandinn sjálfur. En gáfur Sæmundar voru svo miklar, að hann drakk í sig öll þau vísindi, er skólastjórinn hafði á valdi sínu, og varð Kölska og árum hans snjallari í þekkingu og bragðvísi, og gat kvatt þá sér til aðstoðar, ef honum þótti svo við þurfa. Hann gat haft þá sem mikilvirkar vélar, er hann stjórnaði, án þess þó að nokkrir menn biðu tjón við það, andlegt eða líkamlegt. Í sagnaskáldskap alþýðunnar er talið, að flestir menn aðrir, er höfðu hlotið slíkan lærdóm í dulvísindum sem Sæmundur, hefðu orðið að veðsetja sál sína fjandanum að launum. En vitsmunir Sæmundar voru svo miklir, að hann gat jafnan snúið á þann gamla í samningum og varðveitt sál sína frá því að lenda í klóm hans.

Hún er skáldleg og skemmtileg, og felur í sér mikið mannvit, þjóðsagan um það, hvornig Sæmundur slapp úr Svartaskóla. Og þótt hún sé alkunn, þá vil ég samt rifja hana upp til skýringar því efni, sem ég tala hér um:

Þegar skólastjórinn í Svartaskóla, sem var Kölski sjálfur, útskrifaði einhverja lærisveina sína, áskildi hann sér rétt til þess að eiga þann, er síðastur gekk út. En af því, að öllum hraus hugur við að lenda um aldur og ævi og alla eilífð í klóm hans, þá vildi hver sem gat, forða sér frá því að ganga síðastur, og varð þá oft hlutkesti að ráða, hver gerði það.

En er Sæmundur útskrifaðist, bauðst hann til þess að ganga síðastur og urðu félagar hans því fegnir. Hann varpaði yfir sig kápu stórri, hafði ermar lausar og engan hnapp hnepptan. En rið var upp að ganga úr skólahúsinu. Þegar nú Sæmundur kemur á riðið, þrífur Kölski í kápu hans og segir: „Þig á ég“. Varpaði þá Sæmundur af sér kápunni og hljóp út. Hélt Kölski kápunni, en járnhurðin rumdi í hjörum og aftan á hæla Sæmundi og særði hælbeinin. Af þessu kemur málshátturinn: „Skall þar hurð nærri hælum“.

Í Sorbonneskóla og öðrum skólum um víða veröld, er veita vísindalega menntun, er nú lagt kapp á að tileinka nemendum þekkingu á alls konar vísindum, þar á meðal alls konar náttúruöflum, sem áður voru mönnum dulin. Nú óttast margir menn, að þekking vísindamannanna geti leitt mannkynið til glötunar. Þessi ótti er ekki ólíkur óttanum á fyrri öldum við galdramennina, er þeir höfðu lært að þekka dulin öfl. Þegar íslenzk alþýða bjó til sögurnar um Sæmund og aðra galdramenn, er sem hana hafi ósjálfrátt órað fyrir því, sem síðar yrði. En samkvæmt íslenzkri þjóðtrú var það ekki hættulegt, að sannvitur maður og siðferðilega þroskaður eins og Sæmundur, þekkti hin duldu öfl. Ef Sæmundar líkar hafa yfirræð á þekkingu og notkun atomorku og annarra þeirra afla, er ógna nú framtíð mannkynsins, verður öllu borgið.

Íslenzk alþýða, sem bjó til sögurnar um Sæmund, skildi, að mikil þekking getur verið hættuleg, ef siðferðilegur þroski er ekki samfara henni.

Sæmundur Sigfússon varð ekki aðeins hugstæður alþýðumönnum um aldir, heldur einnig lærðum mönnum meðal þjóðar vorrar. Lotning lærðra manna fyrir lærdómi og vitsmunum Sæmundar hefur aldrei dvínað.

Sú bók, er geymir elztu fræði íslenzkrar tungu, hin Eldri-Edda, er nú venjulega kennd við Sæmund og kölluð Sæmundar-Edda. En Sæmundar-Edda er þekktasta og frægasta bók íslenzk meðal er-


lendra fræðimanna. Hún hefur borið nafn Sæmundar út um víða veröld, þar sem íslenzk og norræn fræði eru stunduð. Á 17. öld var skinnhandrit frá 13. öld með flestum Eddukvæðunum í eigu Brynjólfs biskups Sveinssonar í Skálholti. Brynjólfur kallaði bók þessa Sæmundar-Eddu, því að hann hugði, að Sæmundur hefði annað hvort ort kvæðin eða safnað þeim saman. Handrit þetta sendi Brynjólfur biskup konungi að gjöf, og er handritið kallað Konungsbók og enn geymt í hinu Konunglega bókasafni í Kaupmannahöfn. Nútíma fræðimenn telja að Sæmundur hafi alls ekki ort kvæði þessi, því að þau séu eldri en frá hans tímum, og ort af fleiri en einum höfundum og í fleiri en einu landi. Þeir telja enn fremur að engin rök liggi til þess, að Sæmundur hafi safnað þeim saman.

Enginn hinna fornu rithöfunda vorra hefur skrifað sögu Sæmundar. Hann lifði á því tímabili, sem kallað er í sögu vorri Friðaröld. Heimildir eru ekki margar um þann tíma, og er því fremur lítið vitað um ævi Sæmundar. En í þeim íslenzkum sögum, er gerast á dögum Sæmundar, er hans getið. Vil ég nú rekja það helzta, sem heimildir segja um hann.

Víða er hans getið í ættartölum, enda er sýnt að mönnum hefur þótt sómi að því að rekja ætt sína til Sæmundar fróða. Faðir hans var Sigfús prestur í Odda, er kominn var í beinan karlegg frá Hrafni hinum heimiska landnámsmanni, en hans ætt er rakin til fornkonunga Dana. Móðir Sæmundar var Þórey Eyjólfsdóttir hins halta á Möðruvöllum í Eyjafirði, Guðmundssonar hins ríka. Kona Eyjólfar halta, amma Sæmundar, var Ingveldur dóttir Síðu-Halls. En eins og kunnugt er, var Síðu-Hallur einn beztu maður, sem frá er sagt í Íslendingasögum.

Forníslenzkir annálar telja, að Sæmundur sé fæddur árið 1056, eða sama ár og Ísleifur Gissurarson var vígður Skálholtsbiskup. Kemur nú löng eyða, er ekkert er vitað um Sæmund. Að líkindum hefur faðir hans verið vel efnaður. Sæmundur mun hafa verið bráðproska og kjarkmikill, og þótt sýnt þegar í æsku hans, að hann myndi verða mikill gáfumaður. Hann hefur farið ungur utan til náms. Forníslenzkir annálar — Konungsannáll — segir, að hann

Sæmundur á selnum, höggmynd Ásmundar Sveinssonar; ljósmyndin tekin á sýningu, „Salon d'Automne“ í París 1928.



hafi komið úr skóla 1076. En Lögsögumannsannáll telur, að hann hafi komið 1078 að áeggjan Jóns biskups Ögmundssonar. Ari Þorgilsson hinn fróði, sem kallaður hefur verið faðir íslenzkrar sagnaritunar, var samtíðamaður Sæmundar, aðeins 11 árum yngri, en dó 15 árum síðar en Sæmundur. Hann skrifaði eins og kunnugt er tvær Íslendingabækur og er sú síðari til, og er til allra heimilda hennar vel vandað. Þar sem Ari talar um lögsögumenn, og hefur getið þess, að Sighvatur Surtsson hafi tekið lögsögu, segir hann: „Á þeim dögum com Sæmundr Sigfússonr sunnan af Franclandi hingat til lanz, oc lét síþan vígíasc til prestz.“ En Sighvatur Surtsson var lögsögumaður frá 1076–1083. Jónssaga Ögmundssonar biskups segir miklu gerr frá því, er Jón biskup finnur Sæmund suður í París en önnur fornrit vor. En hún er ekki skrásett fyrr en meir en 70 árum eftir dauða Sæmundar. Var hún skráð á latínu af Gunnlaugi munki Leifssyni á Þingeyrum. Frumritið er glatað, en geymzt hafa þýðingar af því á íslenzku, þar sem þýðendurnir eða afritarar þýðinganna hafa lagað söguna til. Aðalgerðir Jónssögu eru tvær, en í útgáfu Bókmenntafélagsins eru þær þó taldar þrjár. Í þeirri gerð sögunnar, sem í Bókmenntafélagsútgáfunni er talin elzta og, sem sýnist vera trúverðugust, er komist svo að orði:¹⁾ „Eigi hæfir annars en geta þess við, hversu mikit lið íslenzkum mönnum varð, jafnvel utanlendis sem hér at hinum helga Jóni biskupi. Teljum vér þann hluta fyrstan til þess, at hann spandi út hingat með sér Sæmund Sigfússon, þann mann, er einhverr hefir enn verit mesti nytjamaðr guðskristni í þessu landi ok hafði verit lengi utan, svá at ekki spurðist til hans. En hinn helgi Jón fékk hann upp spurðan ok hafði hann sunnan með sér, ok fóru þeir báðir saman sunnan hingat til frænda sinna og fóstrjarðar.“ Seinna segir í sögunni, að þeir Jón og Sæmundur hafi báðir sezt að á föðurleifð sinni, Jón á Breiðabólsstað en Sæmundur í Odda, og búið þar báðir mjög lengi. Þá hleður höfundur sögunnar þá báða miklu lofi með langorðri skrudmælgí.

Í hinni gerð Jónssögu biskups er frásögnin miklu lengri um það er Jón biskup finnur Sæmund. Það er sagt, að Sæmundur hafi verið hjá „nokkrum ágætum meistara, nemandi þar ókunnuga fræði, svá at hann týndi allri þeirri, er hann hafði á æsku aldri numit, og jafnvel skirnarnafni sínu“, og nefndist Kollur. En í sam-

1) Þessa gerð sögunnar telja fræðimenn nú yngri gerð hennar.

talínu við Jón biskup rankar Sæmundur við nafni sínu og upp-
runa. Þá kemur og frásögn um kunnáttu þeirra Sæmundar og
meistarara hans að lesa á himintunglin. Í þessari gerð sögu Jóns
biskups er þjóðtrúin sýnilega búin að taka við af sannfræðinni um
veru Sæmundar í París.

Kristni saga telur Sæmund meðal þeirra virðingamanna, sem
létu vígjast til prests í biskupstíð Gissurar biskups Ísleifssonar, en
hann var biskup í Skálholti 1082–1118.

Það fyrsta, sem sagt er af Sæmundi frá því hann kom úr skóla,
annað en, að hann tók prestsvígslu og sat á föðurleifð sinni, eru
afskipti hans af setningu tíundarlaganna hér á landi árið 1096.
Frá því segir Ari svo í Íslendingabók:

„Gissorr byscop vas ástsælli af öllum lanzmönnom, an huerr
maþr annarra, þeira es vér vitem hér á landi hava verit. Af ástsælp
hans oc tölum þeira Sæmundar, með umbráþi Markúc lögsögo-
mannz, vas þat í lög leitt, at aller menn tölþo oc virþo alt fé sitt
oc sóro, at rétt virt væri, huárt sem vas í löndom eþa lausa aurom,
oc gørþo tíund af síþan.“

Það má sjá af þessu, hve Sæmundur hefur verið mikilsvirtur, þar
sem hans er eins getið, annars en Gissurar biskups, að hafa talað
fyrir tíundarlöggjöfinni. Og hvergi er þess getið, hvorki hjá Ara
né öðrum, að þessi löggjöf hafi mætt mótspyrnu á Alþingi. Land-
námsmennirnir höfðu margir flúið hingað, vegna þess, að Harald-
ur konungur hárfagri lagði skatta á eignir þeirra, en nú voru það
þrír menn, sem höfðu svo mikil áhrif á Alþingi, að lögréttan sam-
þykkir skattalöggjöf, sem leggur á herðar skattþegnanna talsvert
mikil fjárútlát. Að Sæmundur prestur flytur ræðu eða ræður um
tíundina, bendir og til þess, að hann hafi verið vel máli farinn.
Líklega hefur Ari verið á Alþingi og átt sæti í lögréttu þegar tíund
var lögtekin hér, því að hann var goðorðsmaður.

Hungurvaka, sem er saga hinna fimm fyrstu Skálholtsbiskupa er
talin samin um 1200, segir um Sæmund, að hann hafi verið for-
vitri og lærður allra manna bezt. Hún segir og frá þátttöku hans
í tíundarlöggjöfinni á líkan hátt og Ari. Sama er að segja um það,
sem sagt er um tíundarlöggjöfina í Kristni sögu og Haukdæla þætti,
en búast má við því, að öll þessi rit hafi fræðslu sína í þessu efni
frá Ara.

Nú kemur enn löng eyða, sem Sæmundar er ekki getið. En er
deilur þeirra Þorgils Arasonar og Hafliða Mássonar náðu hámarki

árið 1121, sem sagt er frá í sögu þeirra, er Þorgils reið til þings með 960 menn og Hafliði með 1680 menn, og Hafliði hafði látið rífa niður alla búð Þorgilsar, að þá hafi Sæmundur hinn fróði gengið til með nokkra menn og látið gera upp búð Þorgils.

Fáum árum síðar er hans getið í Einars þætti Sokkasonar, er Arnaldur Grænlandsbiskup hafði verið vígður af erkibiskupnum í Lundi og sigldi frá Noregi, en varð að lenda um haustið undir Eyjafjöllum. Segir í þættinum, að þá hafi Sæmundur fróði riðið til skips og boðið biskupi að vera hjá sér um veturinn og hafi biskup þegið boð hans.

Ari byrjar Íslendingabók sína með þessum setningum:

„Íslendinga bók gørþa ec fyrst byscopom órom, Þorláki oc Katli, oc sýndac bæþi þeim oc Sæmundi presti. En meþ þuí at þeim lícaþi svá at hava eþa þar viðr auka, þá scrivaþa ec þessa of et sama far, fyr útan áttar tölu oc conunga ævi, og íócc þuí, es mér varþ síþan cunnara oc nú es gørr sagt á þessi an á þeiri.“

Biskupar þeir, sem Ari talar hér um, eru þeir Þorlákur biskup Runólfsson í Skálholti (1118–33) og Ketill biskup Þorsteinsson á Hólum (1122–45). Hann hefur því skrifað Íslendingabók á þeim tíma, sem þeir eru samtímis biskupar 1122–33. Þá hefur Sæmundur verið kominn á efri ár.

Ég er áður búinn að geta um það, sem Ari segir um komu Sæmundar frá Frakklandi og þátttöku hans í tíundarlöggjöfinni. Og á fjórða stað minnst Ari á Sæmund í Íslendingabók, er hann hefur talað um kristnitökuna á Íslandi: „en Ólafr Tryggvason fell et sama sumar at sögo Sæmundar prestz“. Af því, hve Ari minnst Sæmundar oft og vitnar í ummæli hans í hinu litla Íslandssögu ágripi sínu, má sjá, hve mjög hann hefur treyst þekkingu hans og vitsmunum.

Kona Sæmundar var Guðrún Kolbeinsdóttir lögsögumanns Flosasonar. Líklega hefur sá Flosi verið Brennu-Flosi, sem kunnastur er af Njálssögu.

Líklegt er, að Sæmundur hafi haft skóla í Odda. Víst er, að Eyjólfur sonur hans hélt skóla þar, og hjá honum lærði Þorlákur Þórhallsson, sem síðar varð biskup og kallaður hefur verið hinn helgi. Í sögu Þorláks biskups er borið mikið lof á Eyjólf. Segir höfundur Þorlákssögu hinnar elztu meðal annars um Eyjólf, að hann „hafði höfðingsskap mikinn ok lærdóm góðan, gæzku ok vitsmuni gnægri en flestir aðrir, ok heyrðum vér hinn sæla Þorlák þat

vitni bera honum, at hann þóttist trautt þvílíkan dýrðarmann reynt hafa, sem hann var.“

Lítið er vitað um ritstörf Sæmundar. Oddur munkur Snorrason, er uppi var um 1200 og skrifað hefur eina gerð Ólafssögu Tryggvasonar á latínu, sem síðar var þýdd á íslenzku, segir þar: „Svá hefir Sæmundur ritat í sinni bók.“ Álíta fræðimenn, að þessi bók hafi verið Noregskonungasögur frá Haraldi hárfagra til Magnúsar góða, og hún hafi verið stutt ágrip skrifað á latínu. Viðar vitnar Oddur í frásögn Sæmundar og segir, að hann hafi verið ágætur að speki.

Forn-íslenzkir annálar segja að Sæmundur hafi andast 23. maí 1133. Hefur hann þá verið 77 ára gamall.

Ég hef nú rakið nær allt það, sem forn heimildarrit vor fræða oss um Sæmund Sigfússon hinn fróða.

Nafnkunnastir af sonum Sæmundar eru Eyjólfur og Loftur. Eru afkomendur Sæmundar kenndir við Oddastað og kallaðir Oddaverjar. Koma þeir mikið við sögu vora á 12. og 13. öld. Loftur Sæmundsson átti fyrir konu Þóru, laundóttur Magnúsar konungs berfættis í Noregi. Þeirra sonur var Jón Loftsson, er var voldugasti höfðingi á sinni tíð hér á landi. Hann andaðist árið 1197. Einn af sonum hans var Páll Skálholtsbiskup, er jarðsettur var í steinkistu þeirri, sem fyrir fáum árum var grafin upp.

Afkomendur Sæmundar höfðu minningu hans mjög í heiðri. Í Oddaverjabætti er sagt frá því, að Þorlákur biskup Þórhallsson heimti fyrir kirkjunnar hönd, að hafa umráð yfir öllum kirkjum og eignum þeirra í biskupsdæmi sínu og bar fyrir sig erkibiskupsboðskap. Þá var það, að biskup heimti yfirráð yfir kirkju, sem Jón Loftsson hafði yfir að ráða. Svaraði Jón þá: „Heyra má ek erkibiskupsboðskap, en ráðinn er ek at halda hann at engu, ok eigi hygg ég, at hann viti betr né vilji, en Sæmundr hinn fróði ok synir hans.“

Um það öld síðar, er Árni biskup Þorláksson gerði samskonar kröfu og Þorlákur biskup hafði gert, svaraði Oddaverjinn Sighvatur Hálfðanarson, er þá hélt Oddastað:

„Ek, Sighvatur, ætla at þat skilorð mætti standa, sem Sæmundr Sigfússon gerði fyrir Oddastað, at hann skildi sér forræði hans og sínum örfum ævinlega.“

Frá þessu er sagt í sögu Árna biskups. Má sjá af svari Sighvatar, að hann lítur á Sæmund sem hinn vitra og óskeikula ættföður, sem

ættin megi jafnan treysta, þótt hann væri þá búinn að liggja í gröf sinni í hálfra aðra öld.

Sannfræðin um Sæmund varð smátt og smátt að þoka fyrir skáld-sýnum og ímyndunarafli þjóðarinnar. Fræðsla um ævi hans voru aðeins smámolar er geymdust á bókfelli, og voru um margar aldir ókunnir mestum hluta þjóðarinnar. En alþýðan geymdi samt í sögnum sínum það álit, sem samtíðarmenn Sæmundar höfðu haft á honum, að hann hefði verið meiri lærdómsmaður en flestir aðrir og ráðsnjall vitmaður, sem jafnan var leitað til, er mikinn vanda bar að höndum.

Á öldum fátæktar, fáfræði og hjátrúar var það baráttan við djöfulinn, útsendara hans og þau illu öfl, sem þeir höfðu yfir að ráða, er var eitt höfuðviðfangsefni manna. Þar nægði ekki eingöngu trúrækni og kirkjugöngur, heldur einnig ráðsnilli viturra manna. Þar komu menn eins og Sæmundur fróði að beztu liði. Þjóðsögurnar um hann sýna þá skoðun þjóðarinnar á honum, að þótt hann hefði lært svartagaldur í Svartaskóla, þá hafði hann áður en hann kom þangað numið Saltarann, og helgað sig þeirri speki og þeirri siðfræði, er þar var að finna. Með Saltarann að vopni var hann öruggur í baráttunni við þann gamla.

Fljótt á litið er sannfræðin um Sæmund og þjóðsögurnar um hann ærið ólíkar. En um furðu margt ber þeim saman, að hann var manna lærðastur sinnar samtíðar hér á landi, að hann var vitur og ráðsnjall.

Á meðal erlendra fræðimanna varð hann á seinni öldum frægastur af því að nafn hans er tengt við bók, sem honum hefur ranglega verið eignuð. En það er ekkert eins dæmi um Sæmund. Það hefur gerzt svo oft, að menn verða frægari fyrir verk, sem þeir hafa ekki leyst af hendi, heldur en fyrir unnin afrek. Og þar sem ekki er vitað, hver eða hverjir hafa fyrst ritað kvæðin í Eldri-Eddu, þá er Sæmundur vel að því kominn, að hann sé heiðraður með því að til-einka honum þá merku bók.